




# SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

## Aðalskipulag 2010-2022 - breyting í Ingólfshvoli



### GREINARGERÐ

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til fjölbreyttari nýtingar í landi Ingólfshvols í Ölfusi. Heimilt verður að vera með gistingu á verslunar- og þjónustuvæðinu V12. Á svæðinu er rekin umfangsmikil hestatengd ferðaþjónusta.

### Breyting skipulags

Einungis er um textabreytingu að ræða. Afmörkun V12 verður óbreytt á uppdrætti.

### Gildandi aðalskipulag

Texti í greinargerð: V12 Ingólfshvoll. "Reiðhöll þar sem aðstaða er fyrir tamningar, reiðkennslu og hestasýningar auk almennrar íþróttastarfsemi".

### Breytt aðalskipulag

Texti í greinargerð: V12 Ingólfshvoll. "Reiðhöll þar sem aðstaða er fyrir tamningar, reiðkennslu og hestasýningar auk almennrar íþróttastarfsemi. Einnig er heimilt að bjóða upp á gistingu í allt að 8 gestahúsum, fyrir allt að 50 gesti".

## Aðalskipulag 2010-2022 í mkv. 1:50.000.

### SKÝRINGAR

	Landbúnaðarsvæði
	Býli / eyðibýli
	Íbúðarsvæði
	Verslunar- og þjónustuvæði
	Stofnanasvæði
	Fristundabyggð
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
	Mislæg gatnamót
	Undirgöng
	Gönguleiðir
	Megin reiðleiðir
	Aðrar reiðleiðir
	Hjólreiðastígur
	Háspennulínur 220 kV og stærri
	Háspennulínur 132 kV, 66 kV og 33 kV
	Háspennustrengur
	Stofnæð hitaveitu
	Ljósleiðari
	Stofnæð vatnsveitu
	Friðlýstar fornlifur
	Hverfisvernd vegna fornminja
	Sveitarfélagið Ölfus
	Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi

### Umhverfisskýrsla

Breytingin fellur ekki undir lög nr. 105/2006 m.s.br. þar sem um óverulega breytingu er að ræða.

### Niðurstaða sveitarstjórnar

Breytingin er í samræmi við megin stefnu aðalskipulags um að auka fjölbreytni í atvinnulífi og bæta þjónustu við ferðafólk. Í eldra aðalskipulagi sveitarfélags var heimilud gistinguþjónusta á Ingólfshvoli og ekki er stefnt á umfangsmeiri rekstur en þá var. Mikil hestatengd ferðaþjónusta er rekin á svæðinu og því ekki óeðlilegt að auka fjölbreytni hennar. Umfang breytingar hefur takmörkuð áhrif á nágretta, ætla má að umferð aukist eitthvað en sérstakur vegur er að Ingólfshvoli, lítil ásyndarbreyting verður enda þegar stór reiðhöll á svæðinu. Því er um minni háttar breytingu aðalskipulags að ræða. Breytingin styður við þau markmið í aðalskipulagi að auk fjölbreytni atvinnulífs, styrkja byggð í sveitarfélaginu og auka þjónustu við ferðamenn. Sveitarstjórn fellst því á að breyta aðalskipulagi.

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Ölfus, samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.b., þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

### Minni háttar breyting aðalskipulags



Verk: 1621-034	Dags: 19.09.2018
Mkv. 1:50.000 í A4	Breytt:
Unnið: GIG/ÁJ	Rýnt: IS
Samþykkt:	